

Ed. **338. Frumvarp til laga** [101. mál]
úm breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
- 3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr rikissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd kys úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga seni á þingtíma. Með sama hætti kys nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.